
Viðhorf til álversins í
Straumsvík, umhverfis- og
atvinnumála í Hafnarfirði

Júní 2011





Lýsing á rannsókn

Unnið fyrir	Hafnarfjarðarbæ og Rio Tinto Alcan
Markmið rannsóknar	Að kanna viðhorf Hafnfirðinga til álversins í Straumsvík og hugsanlegra breytinga á starfsemi þess sem og framtíðarsýn íbúa hvað varðar skipulag, atvinnuþróun og umhverfismál í Hafnarfirði.
Dagsetning skýrsluskila	15. júní 2011

Ábyrgðaraðilar

Framkvæmd	Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands
Undirbúningur og gagnaöflun	Auður Magnús Leiknisdóttir Guðbjörg Andrea Jónsdóttir
Úrvinnsla	Auður Magnús Leiknisdóttir Guðbjörg Andrea Jónsdóttir Guðlaug J. Sturludóttir
Skýrslugerð	Guðbjörg Andrea Jónsdóttir Guðlaug J. Sturludóttir



EFNISYFIRLIT

Efnisyfirlit	4
Töfluyfirlit	6
Helstu niðurstöður	10
Inngangur	11
Framkvæmd og heimtur	11
<i>Rýnihópar</i>	11
<i>Símakönnun</i>	12
Úrvinnsla	14
Bakgrunnsupplýsingar	15
<i>Hópur 1</i>	15
<i>Hópur 2</i>	15
<i>Símakönnun</i>	16
Niðurstöður	20
1. <i>Helstu styrkleikar Hafnarfjarðar</i>	20
2. <i>Helstu veikleikar Hafnarfjarðar</i>	24
3. <i>Atvinnumál í Hafnarfirði</i>	27
4. <i>Umhverfismál í Hafnarfirði</i>	29
5. <i>Álver Rio Tinto Alcan í Hafnarfirði</i>	29
6. <i>Helstu rök með og á móti stækkun álversins í Straumsvík</i>	40
Viðauki I	75
Viðauki II	85
Viðauki III	97
Viðauki IV	105



TÖFLUYFIRLIT

TAFLA 1. FRAMKVÆMD RÝNIHÓPA.....	11
TAFLA 2. FRAMKVÆMD SÍMAKÖNNUNAR.....	12
TAFLA 3. HLUTFALLSLEG SKIPTING KYNS OG ALDURS Í ÞÝÐI OG ÚRTAKI.....	13
TAFLA 4. BAKGRUNNUR HÓPS 1.....	15
TAFLA 5. BAKGRUNNUR HÓPS 2.....	16
TAFLA 6. KYN SVARENDA.....	16
TAFLA 7. Í HVAÐA HVERFI HAFNARFJARÐAR BÝRÐ ÞÚ?.....	17
TAFLA 8. ALDUR SVARENDA.....	17
TAFLA 9. HVAÐA NÁMI HEFUR ÞÚ LOKIÐ?.....	17
TAFLA 10. HVERT ER MEGIN STARF ÞITT?.....	18
TAFLA 11. HVAR STARFAR ÞÚ? HJÁ OPINBERRI STOFNUN, SVEITARFÉLAGI EÐA ANNARS STAÐAR?.....	18
TAFLA 12. ERT ÞÚ LAUNAMAÐUR EÐA MEÐ SJÁLFSTÆÐAN ATVINNUREKSTUR?.....	18
TAFLA 13. Í HVAÐA ATVINNUGREIN ER FYRIRTÆKIÐ EÐA STOFNUNIN SEM ÞÚ STARFAR HJÁ?.....	19
TAFLA 14. HVERSU MIKLAR VORU HEILDARTEKJUR HEIMILISINS Í SÍÐASTA MÁNUÐI, SVONA UM ÞAÐ BIL, FYRIR SKATT?.....	19
TAFLA 15. HELSTU STYRKLEIKAR HAFNARFJARÐAR.....	21
TAFLA 15. ERTU ÁNÆGÐ/UR EÐA ÓÁNÆGÐ/UR MEÐ HAFNARFJÖRÐ SEM STAÐ TIL AÐ BÚA Á?.....	22
TAFLA 16. ERTU ÁNÆGÐ/UR EÐA ÓÁNÆGÐ/UR MEÐ HAFNARFJÖRÐ SEM STAÐ TIL AÐ BÚA Á?.....	23
TAFLA 17. HVAÐ ERTU ÁNÆGÐUST/ÁNÆGÐASTUR MEÐ Í TENGLUM VIÐ BÚSETU Í HAFNARFIRÐI?.....	24
TAFLA 18. HELSTU VEIKLEIKAR HAFNARFJARÐAR.....	25
TAFLA 18. HVAÐ ERTU ÓÁNÆGÐUST/ÓÁNÆGÐASTUR MEÐ Í TENGLUM VIÐ BÚSETU Í HAFNARFIRÐI?.....	27
TAFLA 19. TELUR ÞÚ AÐ ÞAÐ SÉ ALMENNT JÁKVÆTT EÐA NEIKVÆTT FYRIR HAFNARFJARÐARBÆ AÐ ÁLVER RIO TINTO ALCAN Í STRAUMSVÍK / ÁLVERIÐ Í STRAUMSVÍK SÉ Í BÆJARFÉLAGINU?.....	32
TAFLA 20. TELUR ÞÚ AÐ ÞAÐ SÉ ALMENNT JÁKVÆTT EÐA NEIKVÆTT FYRIR HAFNARFJARÐARBÆ AÐ ÁLVER RIO TINTO ALCAN Í STRAUMSVÍK / ÁLVERIÐ Í STRAUMSVÍK SÉ Í BÆJARFÉLAGINU? GREININGAR.....	33
TAFLA 21. HVER TELUR ÞÚ AÐ SÉ HELSTI ÁVINNINGUR HAFNARFJARÐARBÆJAR AF ÁLVERINU Í STRAUMSVÍK?.....	34
TAFLA 22. HVER TELUR ÞÚ AÐ SÉ HELSTI ÁVINNINGUR HAFNARFJARÐARBÆJAR AF ÁLVERINU Í STRAUMSVÍK? GREININGAR.....	35
TAFLA 23. HVER TELUR ÞÚ HELST VERA NEIKVÆÐ ÁHRIF ÁLVERSINS Í STRAUMSVÍK Á HAFNARFJARÐARBÆ?.....	36
TAFLA 24. HVER TELUR ÞÚ HELST VERA NEIKVÆÐ ÁHRIF ÁLVERSINS Í STRAUMSVÍK Á HAFNARFJARÐARBÆ? EFTIR BAKGRUNNI.....	37
TAFLA 25. ÁLVERIÐ VINNUR NÚ AÐ ÞVÍ AÐ AUKA FRAMLEIÐSLUGETU SÍNA UM 20% ÁN ÞESS AÐ STÆKKA SJÁLFT ÁLVERIÐ. ERTU ÁNÆGÐ/UR EÐA ÓÁNÆGÐ/UR MEÐ ÞÆR FRAMKVÆMDIR?.....	38
TAFLA 26. ÁLVERIÐ VINNUR NÚ AÐ ÞVÍ AÐ AUKA FRAMLEIÐSLUGETU SÍNA UM 20% ÁN ÞESS AÐ STÆKKA SJÁLFT ÁLVERIÐ. ERTU ÁNÆGÐ/UR EÐA ÓÁNÆGÐ/UR MEÐ ÞÆR FRAMKVÆMDIR? EFTIR BAKGRUNNI.....	39
TAFLA 27. RÖK MEÐ STÆKKUN ÁLVERSINS Í STRAUMSVÍK.....	40
TAFLA 28. MYNDRIR ÞÚ VILJA AUKA STARFSEMI ÁLVERSINS ENN FREKAR, LÁTA STAÐAR NUMIÐ EFTIR ÞÆR STÆKKUNARFRAMKVÆMDIR SEM NÚ STANDA YFIR EÐA DRAGA ÚR STARFSEMI ÁLVERSINS?.....	41



TAFLA 29. MYNDIR ÞÚ VILJA AUKA STARFSEMI ÁLVERSINS ENN FREKAR, LÁTA STAÐAR NUMIÐ EFTIR ÞÆR STÆKKUNARFRAMKVÆMDIR SEM NÚ STANDA YFIR EÐA DRAGA ÚR STARFSEMI ÁLVERSINS? EFTIR BAKGRUNNI.....	42
TAFLA 30. MYNDI TÍMASETNING FRAMKVÆMDA Hafa ÁHRIF Á AFSTÖÐU ÞÍNA, VÆRIR ÞÚ JÁKVÆÐARI, SÖMU SKOÐUNAR EÐA NEIKVÆÐARI GAGNVART STÆKKUN ÁLVERSINS EF RÁÐIST YRÐI Í FRAMKVÆMDIR INNAN TVEGGJA TIL ÞRIGGJA ÁRA?	43
TAFLA 31. MYNDI TÍMASETNING FRAMKVÆMDA Hafa ÁHRIF Á AFSTÖÐU ÞÍNA, VÆRIR ÞÚ JÁKVÆÐARI, SÖMU SKOÐUNAR EÐA NEIKVÆÐARI GAGNVART STÆKKUN ÁLVERSINS EF RÁÐIST YRÐI Í FRAMKVÆMDIR INNAN TVEGGJA TIL ÞRIGGJA ÁRA?	44
MYND 1. MYNDI TÍMASETNING FRAMKVÆMDA Hafa ÁHRIF Á AFSTÖÐU ÞÍNA, VÆRIR ÞÚ JÁKVÆÐARI, SÖMU SKOÐUNAR EÐA NEIKVÆÐARI GAGNVART STÆKKUN ÁLVERSINS EF RÁÐIST YRÐI Í FRAMKVÆMDIR INNAN TVEGGJA TIL ÞRIGGJA ÁRA?	46
TAFLA 32. HVERS VEGNA VILTU LÁTA AUKA STARFSEMI ÁLVERSINS ENN FREKAR?	47
TAFLA 33. RÖK Á MÓTI STÆKKUN ÁLVERSINS Í STRAUMSVÍK	47
TAFLA 34. HVERS VEGNA VILTU LÁTA STAÐAR NUMIÐ EFTIR ÞÆR FRAMKVÆMDIR SEM NÚ STANDA YFIR?.....	49
TAFLA 35. HVERS VEGNA VILTU LÁTA STAÐAR NUMIÐ EFTIR ÞÆR FRAMKVÆMDIR SEM NÚ STANDA YFIR?.....	50
TAFLA 36. HVERS VEGNA VILTU LÁTA DRAGA ÚR/HÆTTA STARFSEMI ÁLVERSINS?.....	51
TAFLA 37. MYNDIR ÞÚ VILJA SETJA EINHVER SKILYRÐI FYRIR STÆKKUN ÁLVERSINS Í STRAUMSVÍK?.....	51
TAFLA 38. MYNDIR ÞÚ VILJA SETJA EINHVER SKILYRÐI FYRIR STÆKKUN ÁLVERSINS Í STRAUMSVÍK?.....	52
TAFLA 39. FINNST ÞÉR KOMA TIL GREINA AÐ STÆKKA ÁLVERIÐ AÐ UPPFYLLTUM EINHVERJUM ÁKVEÐNUM SKILYRÐUM EÐA FINNST ÞÉR ÞAÐ ALLS EKKI KOMA TIL GREINA AÐ STÆKKA ÁLVERIÐ?.....	53
TAFLA 40. FINNST ÞÉR KOMA TIL GREINA AÐ STÆKKA ÁLVERIÐ AÐ UPPFYLLTUM EINHVERJUM ÁKVEÐNUM SKILYRÐUM EÐA FINNST ÞÉR ÞAÐ ALLS EKKI KOMA TIL GREINA AÐ STÆKKA ÁLVERIÐ?.....	54
TAFLA 41. SKILYRÐI FYRIR STÆKKUN ÁLVERS	55
TAFLA 42. SKILYRÐI FYRIR STÆKKUN ÁLVERS. ÞEIR SEM VILJA SETJA SKILYRÐI FYRIR STÆKKUN.....	56
TAFLA 43. MYNDIR ÞÚ TAKA ÞÁTT Í ÍBÚAKOSNINGU UM STÆKKUN ÁLVERSINS EF EFNT YRÐI TIL SLÍKRAR KOSNINGAR? ALLIR.....	57
TAFLA 44. MYNDIR ÞÚ KJÓSA MEÐ EÐA Á MÓTI STÆKKUN? AÐEINS ÞEIR SEM MYNDU TAKA ÞÁTT Í ÍBÚAKOSNINGU.....	57
TAFLA 45. MYNDIR ÞÚ KJÓSA MEÐ EÐA Á MÓTI STÆKKUN? AÐEINS ÞEIR SEM MYNDU TAKA ÞÁTT Í ÍBÚAKOSNINGU – EFTIR BAKGRUNNI.....	58
TAFLA 46. AF HVERJU MYNDIR ÞÚ EKKI TAKA ÞÁTT Í KOSNINGUNNI?.....	59
TAFLA 47. TÓKSTU ÞÁTT Í ÍBÚAKOSNINGU UM STÆKKUN ÁLVERSINS Í STRAUMSVÍK ÁRIÐ 2007?.....	59
TAFLA 48. TÓKSTU ÞÁTT Í ÍBÚAKOSNINGU UM STÆKKUN ÁLVERSINS Í STRAUMSVÍK ÁRIÐ 2007?.....	60
TAFLA 49. KAUST ÞÚ MEÐ EÐA Á MÓTI STÆKKUN ÞÁ?.....	61
TAFLA 50. KAUST ÞÚ MEÐ EÐA Á MÓTI STÆKKUN ÞÁ?.....	62
TAFLA 52. TELUR ÞÚ AÐ HÆGT SÉ AÐ SÆTTA SJÓNARMÍÐ ÞEIRRA SEM VILJA HUGA AÐ UMHVERFISVERND OG ÞEIRRA SEM VILJA AUKA ÁLFRAMLÆIÐSLU EÐA TELUR ÞÚ AÐ ÞESSI SJÓNARMÍÐ SÉU ÓSAMRÝMANLEG? ALLIR	63
TAFLA 53. TELUR ÞÚ AÐ HÆGT SÉ AÐ SÆTTA SJÓNARMÍÐ ÞEIRRA SEM VILJA HUGA AÐ UMHVERFISVERND OG ÞEIRRA SEM VILJA AUKA ÁLFRAMLÆIÐSLU EÐA TELUR ÞÚ AÐ ÞESSI SJÓNARMÍÐ SÉU ÓSAMRÝMANLEG? ALLIR – EFTIR BAKGRUNNI.....	64
TAFLA 54. TELUR ÞÚ AÐ MENGUN FRÁ ÁLVERINU HAFI MIKIL, NOKKUR, LÍTIL EÐA ENGIN HEILSUSPILLANDI ÁHRIF Á ÍBÚA HAFNARFJARÐAR? ALLIR	65
TAFLA 55. TELUR ÞÚ AÐ MENGUN FRÁ ÁLVERINU HAFI MIKIL, NOKKUR, LÍTIL EÐA ENGIN HEILSUSPILLANDI ÁHRIF Á ÍBÚA HAFNARFJARÐAR? ALLIR – EFTIR BAKGRUNNI	66

TAFLA 56. TELUR ÞÚ AÐ MENGUN FRÁ ÁLVERINU Í STRAUMSVÍK HAFI MIKIL, NOKKUR, LÍTIL.....	67
ÉÐA ENGIN SKAÐLEG UMHVERFISÁHRIF Í HAFNARFIRÐI? – EFTIR BAKGRUNNI.....	68
TAFLA 58. ÞEGAR ÞÚ MYNDAR ÞÉR SKOÐUN UM STÆKKUN ÁLVERSINS, HVERSU MIKLU MÁLI SKIPTIR ÞAÐ ÞIG AÐ STÆKKUNIN MYNDI HUGSANLEGA.....	69
TAFLA 59. HVERSU MIKLA ÉÐA LITLA ÁHERSLU TELUR ÞÚ AÐ HAFNARFJARÐARBÆR ÆTTI AÐ LEGGJA Á EFTIRFARANDI ATRIÐI?.....	69
TAFLA 60. AÐ ÞVÍ GEFNU AÐ RÁÐIST VERÐI Í STÆKKUN ÁLVERSINS HVORT FINNST ÞÉR MIKILVÆGARA AÐ.....	70
TAFLA 61. AÐ ÞVÍ GEFNU AÐ RÁÐIST VERÐI Í STÆKKUN ÁLVERSINS HVORT FINNST ÞÉR MIKILVÆGARA AÐ.....	71
TAFLA 62. HEFUR ÞÚ, EINHVER Í FJÖLSKYLDU ÞINNI ÉÐA VINAHÓPI ÞÍNUM UNNIÐ Í ÁLVERINU?.....	72
TAFLA 63. HEFUR ÞÚ, EINHVER Í FJÖLSKYLDU ÞINNI ÉÐA VINAHÓPI ÞÍNUM UNNIÐ Í ÁLVERINU? – EFTIR BAKGRUNNI.....	73
TAFLA 64. HEFUR ÞÚ, EINHVER Í FJÖLSKYLDU ÞINNI ÉÐA VINAHÓPI ÞÍNUM UNNIÐ Í ÁLVERINU? - HVER? AÐEINS ÞEIR SEM HAFNA TENGLI VIÐ ÁLVERIÐ.....	74
TAFLA 65. ÞEGAR ÞÚ MYNDAR ÞÉR SKOÐUN UM STÆKKUN ÁLVERSINS, HVERSU MIKLU MÁLI SKIPTIR ÞAÐ ÞIG AÐ STÆKKUNIN MYNDI HUGSANLEGA AUKA TEKJUR BÆJARINS?.....	75
TAFLA 66. ÞEGAR ÞÚ MYNDAR ÞÉR SKOÐUN UM STÆKKUN ÁLVERSINS, HVERSU MIKLU MÁLI SKIPTIR ÞAÐ ÞIG AÐ STÆKKUNIN MYNDI HUGSANLEGA AUKA ÁHUGA Á ÉÐA MÖGULEIKA Á ANNARSKONAR ATVINNUSTARFSEMI Í BÆNUM?.....	76
TAFLA 67. ÞEGAR ÞÚ MYNDAR ÞÉR SKOÐUN UM STÆKKUN ÁLVERSINS, HVERSU MIKLU MÁLI SKIPTIR ÞAÐ ÞIG AÐ STÆKKUNIN MYNDI HUGSANLEGA AUKA MENGUN?.....	77
TAFLA 68. ÞEGAR ÞÚ MYNDAR ÞÉR SKOÐUN UM STÆKKUN ÁLVERSINS, HVERSU MIKLU MÁLI SKIPTIR ÞAÐ ÞIG AÐ STÆKKUNIN MYNDI HUGSANLEGA FJÖLGA STÖRFUM Í HAFNARFIRÐI?.....	78
TAFLA 69. ÞEGAR ÞÚ MYNDAR ÞÉR SKOÐUN UM STÆKKUN ÁLVERSINS, HVERSU MIKLU MÁLI SKIPTIR ÞAÐ ÞIG AÐ STÆKKUNIN MYNDI HUGSANLEGA KALLA Á LAGNINGU HÁSPENNULÍNA Í NÁGRENNI ÁLVERSINS?.....	79
TAFLA 70. ÞEGAR ÞÚ MYNDAR ÞÉR SKOÐUN UM STÆKKUN ÁLVERSINS, HVERSU MIKLU MÁLI SKIPTIR ÞAÐ ÞIG AÐ STÆKKUNIN MYNDI HUGSANLEGA KALLA Á FREKARI VIRKJUNARFRAMKVÆMDIR?.....	80
TAFLA 71. ÞEGAR ÞÚ MYNDAR ÞÉR SKOÐUN UM STÆKKUN ÁLVERSINS, HVERSU MIKLU MÁLI SKIPTIR ÞAÐ ÞIG AÐ STÆKKUNIN MYNDI HUGSANLEGA DRAGA ÚR ÁHUGA ÉÐA MÖGULEIKUM Á ANNARSKONAR ATVINNUSTARFSEMI Í BÆNUM?.....	81
TAFLA 72. ÞEGAR ÞÚ MYNDAR ÞÉR SKOÐUN UM STÆKKUN ÁLVERSINS, HVERSU MIKLU MÁLI SKIPTIR ÞAÐ ÞIG AÐ STÆKKUNIN MYNDI HUGSANLEGA LAÐA NÝJA ÍBÚA TIL BÆJARINS?.....	82
TAFLA 73. ÞEGAR ÞÚ MYNDAR ÞÉR SKOÐUN UM STÆKKUN ÁLVERSINS, HVERSU MIKLU MÁLI SKIPTIR ÞAÐ ÞIG AÐ STÆKKUNIN MYNDI HUGSANLEGA TAKMARKA MÖGULEIKA Á MATVÆLAIÐNAÐI Í NÆSTA NÁGRENNI?.....	83
TAFLA 74. ÞEGAR ÞÚ MYNDAR ÞÉR SKOÐUN UM STÆKKUN ÁLVERSINS, HVERSU MIKLU MÁLI SKIPTIR ÞAÐ ÞIG AÐ STÆKKUNIN MYNDI HUGSANLEGA HAMLA ÞRÓUN ÍBÚABYGGÐAR?.....	84
TAFLA 75. HVERSU MIKLA ÉÐA LITLA ÁHERSLU TELUR ÞÚ AÐ HAFNARFJARÐARBÆR ÆTTI AÐ LEGGJA Á EFTIRFARANDI ATRIÐI? – NÝSKÖPUN Í ATVINNUREKSTRI.....	85
TAFLA 76. HVERSU MIKLA ÉÐA LITLA ÁHERSLU TELUR ÞÚ AÐ HAFNARFJARÐARBÆR ÆTTI AÐ LEGGJA Á EFTIRFARANDI ATRIÐI? – FERÐAMANNAIÐNAÐ.....	86
TAFLA 77. HVERSU MIKLA ÉÐA LITLA ÁHERSLU TELUR ÞÚ AÐ HAFNARFJARÐARBÆR ÆTTI AÐ LEGGJA Á EFTIRFARANDI ATRIÐI? – AÐ FJÖLGA STÖRFUM FYRIR VERKAFÓLK.....	87
TAFLA 78. HVERSU MIKLA ÉÐA LITLA ÁHERSLU TELUR ÞÚ AÐ HAFNARFJARÐARBÆR ÆTTI AÐ LEGGJA Á EFTIRFARANDI ATRIÐI? – AÐ BÆTA REKSTRARUMHVERFI FYRIRTÆKJA ...	88



TAFLA 79. HVERSU MIKLA EÐA LITLA ÁHERSLU TELUR ÞÚ AÐ HAFNARFJARÐARBÆR ÆTTI AÐ LEGGJA Á EFTIRFARANDI ATRIÐI? – SJÁLFBÆRNI BÆJARINS	89
TAFLA 80. HVERSU MIKLA EÐA LITLA ÁHERSLU TELUR ÞÚ AÐ HAFNARFJARÐARBÆR ÆTTI AÐ LEGGJA Á EFTIRFARANDI ATRIÐI? – AÐ BÆTA AÐSTÖÐU TIL ÚTIVISTAR Í OG VIÐ BÆINN	90
TAFLA 81. HVERSU MIKLA EÐA LITLA ÁHERSLU TELUR ÞÚ AÐ HAFNARFJARÐARBÆR ÆTTI AÐ LEGGJA Á EFTIRFARANDI ATRIÐI? – AÐ FJÖLGA STÖRFUM FYRIR SÉRFRÆÐINGA.....	91
TAFLA 82. HVERSU MIKLA EÐA LITLA ÁHERSLU TELUR ÞÚ AÐ HAFNARFJARÐARBÆR ÆTTI AÐ LEGGJA Á EFTIRFARANDI ATRIÐI? – AÐ STUÐLA AÐ AUKINNI FLOKKUN SORPS.....	92
TAFLA 83. HVERSU MIKLA EÐA LITLA ÁHERSLU TELUR ÞÚ AÐ HAFNARFJARÐARBÆR ÆTTI AÐ LEGGJA Á EFTIRFARANDI ATRIÐI? – AÐ BÆTA ALMENNINGSSAMGÖNGUR	93
TAFLA 84. HVERSU MIKLA EÐA LITLA ÁHERSLU TELUR ÞÚ AÐ HAFNARFJARÐARBÆR ÆTTI AÐ LEGGJA Á EFTIRFARANDI ATRIÐI? – MENNINGU OG LISTIR	94
TAFLA 85. HVERSU MIKLA EÐA LITLA ÁHERSLU TELUR ÞÚ AÐ HAFNARFJARÐARBÆR ÆTTI AÐ LEGGJA Á EFTIRFARANDI ATRIÐI? – AÐ DRAGA ÚR ORKUNOTKUN.....	95
TAFLA 86. HVERSU MIKLA EÐA LITLA ÁHERSLU TELUR ÞÚ AÐ HAFNARFJARÐARBÆR ÆTTI AÐ LEGGJA Á EFTIRFARANDI ATRIÐI? – STÓRIÐJU	96

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

- Helstu kostir sem þátttakendur í rýnihópum sáu við Hafnarfjörð sem stað til að búa á voru stærð bæjarins, bæjarbragurinn, umhverfið og góð þjónusta.
- Helstu veikleikarnir sem þátttakendur í rýnihópum telja Hafnarfjörð hafa tengjast atvinnumálum, skipulagi og efnahagsástandi
- Almennt eru Hafnfirðingar mjög ánægðir með að búa í Hafnarfirði
- Einn af helstu kostunum við Hafnarfjörð sem stað til að búa á að mati þátttakenda í rýnihópaumræðunum var hve stutt er út í ósnortna náttúru.
- Mikill meirihluti bæjarbúa telur það vera jákvætt fyrir Hafnarfjarðarbæ að álver Rio Tinto Alcan sé í bæjarfélaginu. Karlar eru mun jákvæðari fyrir álverinu en konur.
- Helsti ávinningur Hafnarfjarðarbæjar af álverinu að mati íbúa er að það skapar atvinnu fyrir bæjarbúa auk þess sem fjárhagslegu ávinningur (þ.e. skattar og gjöld) skiptir bæjarfélagið máli.
- Ríflega 45% svarenda telur engin neikvæð áhrif vera af álverinu í Straumsvík.
- Helstu neikvæðu áhrif álversins að mati íbúa eru mengun og áhrif þess á umhverfið.
- Þrír af hverjum fjórum bæjarbúum eru ánægðir með að unnið sé að 20% aukinni framleiðslugetu án þess að stækka sjálft álverið
- Rétt innan við helmingur bæjarbúa er hlynntur stækkun álversins en hlutfallið gæti farið yfir 60% sé ákveðnum skilyrðum fullnægt.
- Nærri 60% þeirra sem myndu kjósa um málefnið myndu kjósa með stækkun álversins
- Fólk virðist ekki hafa miklar áhyggjur af því að álverið hafi slæm áhrif heilsu þeirra eða umhverfið. 72% telja mengun frá álverinu hafa lítil eða engin heilsuspillandi áhrif á íbúa Hafnarfjarðar
- Flestum íbúum finnst að Hafnarfjarðarbær ætti að leggja áherslu á nýsköpun í atvinnurekstri, ferðamannaíðnað og að fjölga störfum fyrir verkafólk.
- Að því gefnu að ráðist verði í stækkun álversins, finnst flestum mikilvægara að stækkunin taki mið af því að takmarka mengun og umhverfisáhrif, frekar en að að fjölga störfum og auka framleiðslu eins mikið og kostur er



INNGANGUR

Að beiðni fulltrúa Hafnarfjarðarbæjar og Rio Tinto Alcan gerði Félagsvísindastofnun könnun á viðhorfum Hafnfirðinga til álversins í Straumsvík og framtíðarþróunar þess. Meginmarkmið rannsóknarinnar var annars vega að kanna viðhorf til hugsanlegra breytinga á starfsemi álversins og hins vegar að kanna framtíðarsýn íbúa hvað varðar skipulag, atvinnuþróun og umhverfismál í Hafnarfirði.

FRAMKVÆMD OG HEIMTUR

Rannsóknin var tvíþætt, eigindleg og megingdleg. Eigindlegi hlutinn fólst í umræðum í rýnihópum og megingdlegi hlutinn í símakönnun meðal tilviljunarúrtaks íbúa Hafnarfjarðar. Spurningalisti var að mestu leyti unninn í samstarfi verkefnisstjóra Félagsvísindastofnunar, fulltrúa Hafnarfjarðarbæjar og álvers Rio Tinto Alcan. Eigindlegi hluti rannsóknarinnar samanstóð af tveimur rýnihópum. Val á þátttakendum í hópana byggði á þremur grunnbreytum, þ.e. kyni, aldri og viðhorfi til álversins í Straumsvík. Reynt var að tryggja að kynjaskipting í hópunum væri jöfn og að góð dreifing væri í viðhorfum til álversins og hugsanlegrar stækkunar þess.

Rýnihópar

Dregið var 250 manna tilviljunarúrtak úr þjóðskrá úr hópi íbúa Hafnarfjarðar á aldrinum 18 til 65 ára. Hringt var í þá sem lentu í úrtakinu og óskað eftir þátttöku þeirra í rýnihópaumræðum um afstöðu fólks til atvinnu- og umhverfismála í Hafnarfirði og sérstaklega hugsanlegra breytinga á starfsemi álversins í Straumsvík. Hóparnir tveir voru aldurskiptir, í þeim yngri voru þátttakendur á aldrinum 18-39 ára en í þeim eldri á aldrinum 40-65 ára. Boðaðir voru 10 einstaklingar í hvorn hóp og reynt að tryggja að hlutfall karla og kvenna væri jafnt og að í hópunum væru bæði einstaklingar sem væru hlynntir og andvígir stækkun álversins í Straumsvík. Loks voru svarendur inntir eftir því hvort þeir ættu auðvelt með að tjá sig í hópi áður en þeir voru beðnir um að taka þátt í rýnihópaumræðum. Nokkrir þeirra sem samþykkt höfðu að taka þátt í umræðunum forfölluðust og mættu 6 einstaklingar í hvorn rýnihóp (sjá töflu 1).

Tafla 1. Framkvæmd rýnihópa

Upplýsingasöfnun	6. og 7. apríl 2011 kl. 17:30-19:00
Framkvæmdarmáti	Rýnihópar
Fjöldi þátttakenda	12 í 2 hópum (6 í hvorum)
Staðsetning	Félagsvísindastofnun HÍ, Gimli

Áður en umræður í rýnihópum hófust voru þátttakendur beðnir um að taka nokkrar mínútur í að velta fyrir sér hverjir væru helstu styrkleikar og veikleikar Hafnarfjarðarbæjar, bæði almennt en þó sérstaklega með tilliti til atvinnu- og umhverfismála. Þátttakendur skrifuðu helstu styrkleika og veikleika niður og er gerð grein fyrir þeim í niðurstöðukafla.

Umræður í hópunum hófust á almennri kynningu á þátttakendum. Því næst var umræðum beint að því hvernig væri að búa í Hafnarfirði, að atvinnumálum og umhverfismálum. Viðhorf til álversins Rio Tinto Alcan og framtíðarþróun þess voru því næst reifuð. Rýnihóparnir enduðu á því að velta fyrir sér helstu rökum með og á móti því að stækka álverið í Straumsvík.

Umræðurammann í heild má sjá í Viðauka IV.

Þátttakendur fengu 5000 króna gjafabréf í Smáralind sem umbun fyrir þátttöku í umræðunum.

Símakönnun

Hringt var í 1000 manna úrtak íbúa úr Þjóðskrá, 18 ára og eldri, sem búsettir voru í Hafnarfjarðarbæ. Alls tóku 617 þátt. 55 gátu ekki tekið þátt vegna veikinda eða tungumála-erfiðleika og 163 neituðu að taka þátt í könnuninni. Nettó svarhlutfall var því 65,3% (sjá töflu 2).

Tafla 2. Framkvæmd símakönnunar

Upplýsingasöfnun	26. apríl – 10. maí 2011
Framkvæmdarmáti	Símakönnun
Fjöldi í úrtaki	1000
Fjöldi svarenda	617
Brúttó svarhlutfall	61,7%
Nettó svarhlutfall	65,3%

Í töflu 3 er kynja- og aldursskipting meðal svarenda borin saman við hlutfallslega skiptingu kyns og aldurs íbúa Hafnarfjarðar 18 ára og eldri. Tafla 3 sýnir að svarendur endurspeglu Hafnfirðinga vel hvað varðar kyn en aldursskipting svarenda var aðeins frábrugðin aldursskiptingu í þýðinu. Tæplega fimmtungur svarenda (19%) var á aldrinum 18 til 29 ára, en í raun er fjórðungur Hafnfirðinga á þessum aldri. Tæplega fjórðungur (23%) svarenda var á aldrinum 40 til 49 ára en 19% íbúa Hafnarfjarðar er á þeim aldri.

Tafla 3. Hlutfallsleg skipting kyns og aldurs í þýði og úrtaki

	Fjöldi svarenda	Hlutfall svarenda	Fjöldi í þýði	Hlutfall í þýði
Kyn				
Karl	308	50%	9.345	50%
Kona	309	50%	9.498	50%
Aldur **				
18 - 29 ára	117	19%	4.618	25%
30 til 39 ára	129	21%	3.875	21%
40 - 49 ára	141	23%	3.629	19%
50 - 59 ára	92	15%	3.042	16%
60 ára og eldri	138	22%	3.679	20%

Marktækur munur er á fjölda svarenda og fjölda í þýði; * $p < 0.05$, ** $p < 0.01$, *** $p < 0.001$,

ÚRVINNSLA

Umræður í rýnihópum voru skráðar orð fyrir orð. Í úrvinnslu voru gögnin dregin saman og flokkuð í meginþemu og hugmyndir. Beinir tilvitnanir í ummæli þátttakenda eru notaðar til að lýsa þeim viðhorfum og skoðunum sem fram komu hjá hópunum tveimur.

Svör í símakönnuninni voru greind með þeirri tölfræði sem er viðeigandi fyrir hverja og eina spurningu. Niðurstöður eru birtar í töflum og myndum. Töflurnar sýna hlutföll og fjölda svara skipt niður eftir bakgrunnspáttunum kyni, hverfi, tengslum við álverið, þátttöku í fyrri kosningu, aldri, menntun, starfi, starfsvettvangi og heimilistekjum. Í töflunum eru aðeins birt svör þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar. Af þeim sökum er mismunandi fjöldi svara á bak við hverja töflu. Þar sem það á við eru einnig birt súlurit sem sýna hlutföll svarenda sem eiga við ákveðna svarmöguleika.

Marktektarprófið kí-kvaðrat var notað til að meta hvort tölfræðilega marktækur munur væri á hlutföllum mismunandi hópa. Ef tölfræðileg marktekt kemur fram er það gefið til kynna með stjörnumerkjum. Ein stjarna þýðir að innan við 5% líkur séu á því að munur sem sést í hópi svarenda sé kominn til af tilviljun ($p < 0,05$). Með öðrum orðum getum við sagt með 95% vissu að sá munur sem birtist í úrtakinu sé einnig til staðar meðal íbúa Hafnarfjarðar vorið 2011. Tvær stjörnur þýða að munurinn sé marktækur miðað við 99% öryggi ($p < 0,01$) og þrjár stjörnur þýða að fullyrða megi með 99,9% vissu að munurinn sé til staðar í þýði ($p < 0,001$). Reynist marktektarpróf ógilt vegna fámennis í hópum er skammstöfunin óg notuð. Í þeim tilvikum voru flokkuð saman svör þeirra sem merktu við mjög/frekar jákvætt og mjög/frekar neikvætt, svo dæmi sé tekið, og marktekt aftur reiknuð. Þegar marktekt kom fram eftir þessa fækkun flokka, var hún birt í sviga á eftir niðurstöðu fyrra marktektarprófsins. Ómarktækt samband í þeim tilvikum er táknað með (--). Reynist marktektarprófið enn vera ógilt þrátt fyrir sameiningu svarflokka, var fyrri merkingin (óg) látin standa áfram.

BAKGRUNNSUPPLÝSINGAR

Eftirfarandi tvær töflur lýsa þátttakendum í rýnihópunum eftir ýmsum bakgrunnspáttum.

Hópur 1

Umræður fóru fram þann 6. apríl 2011 klukkan 17:30 til 19:00 í húsnæði Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands. Þátttakendur voru á aldrinum 18 – 39 ára, búsettir í Hafnarfirði.

Tafla 4. Bakgrunnur hóps 1

	Kyn	Aldur	Búseta
1 (A)	Kona	24	Hefur alltaf búið í Hafnarfirði
2 (B)	Kona	24	Flutti til Hafnarfjarðar með kærastanum
3 (C)	Kona	29	Hefur alltaf búið í Hafnarfirði
4 (D)	Karl	39	Ekki uppalinn í Hafnarfirði en öll fjölskyldan er flutt í Fjörðinn
5 (E)	Karl	30	Uppalinn í Hafnarfirði og nýkominn þangað aftur eftir nokkurra ára búsetu í Reykjavík
6 (F)	Karl	19	Hefur alltaf búið í Hafnarfirði

Hópur 2

Umræður fóru fram þann 7. apríl 2011 klukkan 17:30 til 19:00 í húsnæði Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands. Þátttakendur voru á aldrinum 40 - 65 ára, búsettir í Hafnarfirði.

Tafla 5. Bakgrunnur hóps 2

	Kyn	Aldur	Búseta
1 (A)	Kona	44	Hefur búið í Hafnarfirði frá 10 ára aldri
2 (B)	Karl	63	Hefur búið í Hafnarfirði í 15 ár
3 (C)	Karl	48	Hefur búið í Hafnarfirði í 11 ár
4 (D)	Kona	60	Kom ekki fram hve lengi í Hafnarfirði
5 (E)	Karl	48	Hefur búið fjögur ár í Hafnarfirði
6 (F)	Kona	41	Ólst upp í Hafnarfirði til 18 ára og flutti aftur fyrir um 4 árum










Símakönnun

Næstu töflur sýna hlutfall svarenda símakönnunarinnar eftir bakgrunnspáttum. Spurningar könnunarinnar voru greindar eftir kyni, hverfi, tengslum við álverið, þátttöku í fyrri kosningu, aldri, menntun, starfi, starfsvettvangi og heimilistekjum (sjá töflur 6 til 14). Margar spurningar voru að auki greindar því hvort fólk var hlynnt stækkun álversins eða ekki. Þar sem margir svarflokkar voru í spurningum um búsetu (hverfi), menntun og starf voru valdir svarflokkar sameinaðir fyrir bakgrunnsgreininguna (sjá nánar í töflum 7, 9 og 10). Meginniðurstöður könnunarinnar eru settar fram í kaflanum *Niðurstöður* hér á eftir.






Tafla 6. Kyn svarenda

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Karl	308	49,9%	3,9%	49,9%
Kona	309	50,1%	3,9%	50,1%
Alls	617	100,0%		








Tafla 7. Í hvaða hverfi Hafnarfjarðar býrð þú?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Áslandi	72	12,1%	 12,1%
Holti / Hvaley rarholti	54	9,1%	 9,1%
Hrauni	28	4,7%	 4,7%
Miðbæ	80	13,4%	 13,4%
Norðurbæ	110	18,5%	 18,5%
Setbergi eða Hlíðum	64	10,8%	 10,8%
Suðurbæ	87	14,6%	 14,6%
Völlum	77	12,9%	 12,9%
Vesturbæ	23	3,9%	 3,9%
Fjöldi svara	595	100,0%	
Vil ekki svara	1		
Veit ekki	21		
Alls	617		

Tafla 8. Aldur svarenda

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
18 - 29 ára	117	19,0%	 19,0%
30 - 39 ára	129	20,9%	 20,9%
40 - 49 ára	141	22,9%	 22,9%
50 - 59 ára	92	14,9%	 14,9%
60 ára og eldri	138	22,4%	 22,4%
Alls	617	100,0%	

Tafla 9. Hvaða námi hefur þú lokið?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Grunnskólapróf, landspróf, gagnfræðapróf eða minna	131	21,7%	 21,7%
Bóklegt nám á framhaldsskólastigi	124	20,6%	 20,6%
Starfsnám	27	4,5%	 4,5%
Verklegt framhald – iðnmenntun	111	18,4%	 18,4%
Próf úr sérskólum á eða við háskólastig	32	5,3%	 5,3%
Próf á háskólastigi (fy rsta gráða: BA, B.ed, BS)	111	18,4%	 18,4%
Framhaldsnám í háskóla (MA, MS, doktorsnám)	67	11,1%	 11,1%
Fjöldi svara	603	100,0%	
Vil ekki svara	8		
Veit ekki	6		
Alls	617		

Tafla 10. Hvert er megin starf þitt?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Kjörnir fulltrúar og æðstu embættismenn	21	3,5%	3,5%
Sérfræðingar með háskólapróf (amk BA, BS)	126	21,0%	21,0%
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	29	4,8%	4,8%
Skrifstofufólk	46	7,7%	7,7%
Þjónustu- umönnunar- og sölustörf	92	15,3%	15,3%
Bændur og sjómenn	6	1,0%	1,0%
Iðnaðarmenn og sérhæft iðnv erkað fólk	54	9,0%	9,0%
Véla- og vélgæslufólk	12	2,0%	2,0%
Ósérhæft starfsfólk	39	6,5%	6,5%
Er ekki á vinnumarkaði	176	29,3%	29,3%
Fjöldi svara	601	100,0%	
Svarar ekki	16		
Alls	617		

Tafla 11. Hvar starfar þú? Hjá opinberri stofnun, sveitarfélagi eða annars staðar? Aðeins þeir sem eru á vinnumarkaði

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Opinber rekstur/stofnun	77	18,0%	18,0%
Sveitarfélag	71	16,6%	16,6%
Annað	279	65,3%	65,3%
Fjöldi svara	427	100,0%	
Fékk ekki spurninguna	176		
Vil ekki svara	11		
Veit ekki	3		
Alls	617		

Tafla 12. Ert þú launamaður eða með sjálfstæðan atvinnurekstur? Aðeins þeir sem eru á vinnumarkaði

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Launamaður	370	86,0%	86,0%
Sjálfstætt starfandi einyrki án starfsmanna	35	8,1%	8,1%
Sjálfstætt starfandi með starfsmann/starfsmenn í vinnu	24	5,6%	5,6%
Á undirverktakasamningi	1	0,2%	0,2%
Fjöldi svara	430	100,0%	
Fékk ekki spurninguna	176		
Vil ekki svara	11		
Alls	617		

**Tafla 13. Í hvaða atvinnugrein er fyrirtækið eða stofnunin sem þú starfar hjá?
Aðeins þeir sem eru á vinnumarkaði**

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Ýmis þjónusta	105	24,9%	24,9%
Opinber þjónusta í menntageira	53	12,6%	12,6%
Verslun (og blanda af verslun og þjónustu)	52	12,4%	12,4%
Annar iðnaður	48	11,4%	11,4%
Önnur opinber þjónusta og stjórnsýsla	41	9,7%	9,7%
Opinber þjónusta í heilbrigðisgeira	36	8,6%	8,6%
Bankar, tryggingafyrirtæki og aðrar fjármálastofnanir	30	7,1%	7,1%
Stóriðja (ál, járnblendi, sement, kísill, áburður)	15	3,6%	3,6%
Hátækni-/hugbúnaðariðnaður	14	3,3%	3,3%
Byggingariðnaður	13	3,1%	3,1%
Fiskveiðar	6	1,4%	1,4%
Fiskvinnsla	5	1,2%	1,2%
Veitur, s.s. Landsvirkjun, orkuveitur, vatnsveitur	3	0,7%	0,7%
Fjöldi svara	421	100,0%	
Fékk ekki spurninguna	176		
Vill ekki svara	14		
Veit ekki	6		
Alls	196		

Tafla 14. Hversu miklar voru heildartekjur heimilisins í síðasta mánuði, svona um það bil, fyrir skatt?

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Lægri en 350 þúsund	88	21,6%	4,0%	21,6%
350 - 599 þúsund	106	26,0%	4,3%	26,0%
600 - 849 þúsund	112	27,5%	4,3%	27,5%
850 þúsund eða hærri	102	25,0%	4,2%	25,0%
Fjöldi svara	408	100,0%		
Vil ekki svara	114			
Veit ekki	95			
Alls	617			

NIÐURSTÖÐUR

Umfjöllun um niðurstöður er skipt upp í undirkafla í samræmi við efnisflokka í umræðuramma sem stuðst var við í rýnihópaumræðum (sjá Viðauka IV). Hver kafli hefst með umfjöllun um rýnihópana og niðurstöður símakönnunar eru birtar í kjölfarið. Fyrir hverja spurningu úr símakönnuninni er birt tíðnitafla sem sýnir vikmörk með súluriti er sýnir hlutfallslega skiptingu svara. Á eftir hverri tíðnitöflu er svo birt tafla með bakgrunnsgreiningu.

1. Helstu styrkleikar Hafnarfjarðar

Almennt má segja að helstu kostir sem þátttakendur sáu við Hafnarfjörð sem stað til að búa á voru:

- Stærð bæjarins
- Staðsetning
- Góð þjónusta
- Skemmtileg útivistarsvæði

Þátttakendur voru flestir sammála um að það væri mjög gott að búa í Hafnarfirði sem sameinaði kosti lítils bæjarfélags og borgar, vegna þess hve stutt væri til Reykjavíkur. Það hversu stutt er til Reykjavíkur hefur þó einnig ákveðna galla í för með sér og nefndu nokkrir að það hamlaði verslun í Hafnarfirði hversu stutt væri til Reykjavíkur. Umhverfið, óspillt náttúran og skemmtileg útivistarsvæði voru nefnd sem helstu styrkleikar bæjarins en jafnframt nefndu þátttakendur að umhverfismálin væru einn af veikleikum bæjarins, þ.e. að stefna bæjarins í umhverfismálum væri óljós, að mengun væri frá atvinnustarfsemi í bænum og að fleiri græn svæði vantaði í skipulag bæjarins. Almenn ánægja virtist vera með þá þjónustu sem til staðar er í Hafnarfirði þó að meira líf mætti vera í miðbænum og að þar mættu vera fjölbreyttari veitingastaðir.

Í töflunum hér á eftir sem birta svör þátttakenda í rýnihópum, eru sýnd svör allra þátttakenda, því geta sömu svörin birst oftast en einu sinni.

Tafla 15. Helstu styrkleikar Hafnarfjarðar

Yfirflokkur	Styrkleikar
Staðsetning	Stutt frá Reykjavík Smábær innan stórborgar Hluti af höfuðborginni Nálægð við höfuðborgina Nálægð við flugvöllinn Stutt á flugvöllinn Nálægð við Leifsstöð Nálægð við flesta framhaldsskóla og atvinnu Stórskipahöfn
Stærð bæjarins	Hefur kosti smábæjar Margir þekkjast Lítið bæjarfélag Bæjarsamfélagið Friðsamlegt bæjarfélag Bæjarbragur Lítið bæjarfélag sem byggir á gömlum grunni Stutt í vinnu ef fólk vinnur innan bæjarins Nóg pláss Minni umferð en t.d. í Reykjavík
Þjónusta	Kjarni þar sem hægt er að fá alla helstu þjónustu Kjarnasjarmi – þarf ekki að fara langt Stutt í þjónustu Fjarðarkaup Lágvöruverslanir eru víða Skólar og opinber þjónusta
Umhverfi / útivist	Nánd við óspillt svæði og sjó (Heiðmörk, Ástjörn, höfnin) Víða göngustígar Heiðmörk - tjörnin Stutt út í náttúruna Fegurð Veðráttu Fagurt sveitarfélag Gott umhverfi fyrir börn Stutt í náttúruna Góð svæði til útivistar og íþróttu Umhverfið er mjög útivistarvænt Mjög stutt að fara út í náttúruperlur, t.d. Hvaleyrarvatn, Kleifarvatn, Djúpavatn Umhverfið er fallegt og bærinn hefur sterkan kjarna Mikið af fallegum útivistarsvæðum í kringum bæinn, Straumsvík, Krísvík, Hvaleyrarvatn, Ástjörn Nálægð við náttúruna
Skipulag	Höfnin Gott umferðarkerfi Samgöngur Ódýrt húsnæði

Atvinnumál	Álverið Fjölbreytt starfsemi Fjölbreytt atvinnulíf Stórir vinnustaðir s.s. Actavis og álverið Iðnaður Álverið skapar mörg störf Gott umhverfi fyrir sprotafyrirtæki (Sigga og Tímó, Andrea, Emami) Actavis er með höfuðstöðvar í Hafnarfirði og skapar mörg störf
------------	--

Eins og sjá má í töflu 15 eru lang flestir svarenda símakönnunarinnar ánægðir með að búa í Hafnarfirði, eða 95%. Tafla 16 sýnir svörin greind eftir bakgrunnspáttum. Vegna lítillar dreifingar svara við þessari spurningu voru öll marktektarpróf bakgrunnspáttanna ógild.

Tafla 15. Ertu ánægð/ur eða óánægð/ur með Hafnarfjörð sem stað til að búa á?

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk	
			+/-	Hlutfall
Mjög ánægð/ur	447	72%	3,5%	72%
Frekar ánægð/ur	143	23%	3,3%	23%
Hvorki ánægð/ur né óánægð/ur	21	3%	1,4%	3%
Frekar óánægð/ur	5	1%	0,7%	1%
Mjög óánægð/ur	1	0%	0,3%	0%
Alls	617	100%		

Tafla 16. Ertu ánægð/ur eða óánægð/ur með Hafnarfjörð sem stað til að búa á?
Greiningar

	Mjög ánægð/ur	Frekar ánægð/ur	Hvorki ánægð/ur né óánægð/ur	Frekar óánægð/ur	Mjög óánægð/ur	Fjöldi sv ara	Mjög eða frekar ánægð/ur
Heild	72%	23%	3%	1%	0%	617	96%
Kyn^{ög}							
Karl	72%	24%	4%	0%	0%	308	
Kona	73%	22%	3%	1%	0%	309	
Hverfi^{ög}							
Ásland, Holtið og Vellir	70%	26%	3%	0%	0%	203	
Önnur hverfi	74%	22%	3%	1%	0%	392	
Tengsl við álverið^{ög}							
Já	73%	23%	3%	0%	0%	394	
Nei	72%	22%	4%	2%	0%	212	
Tók þátt í fyrri kosningu^{ög}							
Já	75%	21%	3%	0%	0%	430	
Nei	67%	28%	4%	2%	0%	177	
Aldur^{ög}							
18 - 29 ára	68%	26%	3%	2%	0%	117	
30 - 39 ára	72%	22%	5%	0%	0%	129	
40 - 49 ára	71%	25%	3%	1%	1%	141	
50 - 59 ára	70%	27%	2%	1%	0%	92	
60 ára og eldri	80%	17%	3%	1%	0%	138	
Menntun^{ög}							
Grunnskólapróf	80%	15%	3%	2%	1%	131	
Framhaldsskólapróf	74%	22%	3%	0%	0%	262	
Háskólapróf	66%	29%	4%	1%	0%	210	
Starf^{ög}							
Stjórnendur og sérfræðingar	66%	31%	3%	1%	0%	147	
Sérhæft starfsfólk eða tæknar	76%	19%	4%	1%	0%	83	
Skrifstofu-, sölu- eða þjónustufólk	73%	22%	4%	1%	0%	138	
Bændur, sjómenn, véla- og verkafólk	79%	18%	4%	0%	0%	57	
Ekki á vinnumarkaði	73%	22%	4%	1%	1%	176	
Starfsvettvangur^{ög}							
Opinber rekstur/stofnun	74%	23%	3%	0%	0%	77	
Sveitarfélag	62%	31%	6%	1%	0%	71	
Annað	75%	22%	3%	1%	0%	279	
Heimilistekjur^{ög}							
Lægrí en 350 þúsund	76%	18%	5%	0%	1%	88	
350 - 599 þúsund	72%	23%	4%	2%	0%	106	
600 - 849 þúsund	68%	26%	6%	0%	0%	112	
850 þúsund eða hærrí	76%	21%	2%	1%	0%	102	

Marktækur munur er á hópum; * $p < 0.05$, ** $p < 0.01$, *** $p < 0.001$,

^{ög} merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktæktarprófs. Flokkarnir Frekar óánægð(ur) og Mjög óánægð(ur) voru sameinaðir í tölfraeðiúrn innslu og er marktækt láknuð innan sviga.

Þátttakendur símakönnunarinnar voru spurðir um hvað þeir væru ánægðastir með í tengslum við búsetu í Hafnarfirði. Um opna spurningu var að ræða. Tafla 17 sýnir svörin röðuð eftir algengi. Hlutfallslega flestir létu í ljós almenna ánægju án þess að nefna einhverja sérstaka ástæðu (19,4%) og 10% voru ánægðastir með smæð bæjarins og nálægð við allt.

Tafla 17. Hvað ertu ánægðust/ánægðastur með í tengslum við búsetu í Hafnarfirði?

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk		Hlutfall
			+/-		
Allt, almenn ánægja, gott að búa hér, líður v el hér, góður bær	113	19,4%	3,2%		19,4%
Lítill bær, nálægð við allt, passlega stórt, fámenni, smátt samfélag	58	9,9%	2,4%		9,9%
Bæjarbragurinn, mannlífið, vinalægur bær, andrúmsloftið, fólkið, gott samfélag, menneskjulegt umhverfi, smábæjarstemningin	49	8,4%	2,3%		8,4%
Hef alltaf búið þar, er fæddur/uppalinn þar, er gaffari, fjölskylda og v inir búa þar	48	8,2%	2,2%		8,2%
Sjórinn, umhverfið, veðursældin, náttúran, hraunið, höfnin	48	8,2%	2,2%		8,2%
Friðsæld, rólegheit, rólegur bær, kyrrð, notalegt	45	7,7%	2,2%		7,7%
Góður skóli, menningarstarf, niðurgreiðsla tómstundastarfa, öll þjónustan, félagsþjónustan, félags- og tómstundastarf fyrir unglina	39	6,7%	2,0%		6,0%
Bæjarstæðið, staðsetningin, útsýnið, skipulag, uppbygging bæjarins	35	6,0%	1,9%		4,3%
Fallegur bær	25	4,3%	1,6%		3,9%
Ekkert sérstakt	23	3,9%	1,6%		3,4%
Barnvænt, fjölskylduvænt	20	3,4%	1,5%		2,6%
Hverfið mitt, á heima á góðum stað	15	2,6%	1,3%		2,1%
Íþrótaaðstaða, íþróttalíf, íþróttastarf fyrir börn, íþróttastyrkir	12	2,1%	1,2%		1,5%
Ekkert	9	1,5%	1,0%		1,4%
Fjarlægðin frá Reykjavík, aðeins út úr, fyrir utan höfðuborgarsvæðið	8	1,4%	0,9%		1,0%
Hér er allt til alls, allt í bænum sem maður þarf á að halda	6	1,0%	0,8%		0,7%
Gamli bærinn, gamaldags bær, rötgróinn	4	0,7%	0,7%		
Annað nefnt	26	4,5%	1,7%		4,5%
Fjöldi svara	583	100,0%			
Vil ekki svara	18				
Veit ekki	16				
Alls	617				

2. Helstu veikleikar Hafnarfjarðar

Helstu veikleikarnir sem þátttakendur rýnihópaumræðna töldu Hafnarfjörð hafa tengdust atvinnumálum, skipulagi og efnahagsástandi.

Tafla 18. Helstu veikleikar Hafnarfjarðar

Yfirflokkur	Veikleikar
Atvinnumál	Margir íbúar vinna utan bæjarfélagsins Fleiri atvinnutækifæri annars staðar (Reykjavík) Ekki næg atvinnutækifæri Það mættu vera fleiri fyrirtæki í Hafnarfirði Útgerð og fiskvinnsla hefur horfið Ekki næg atvinna Ekki næg fjölbreytni í atvinnumálum Óvissa um störf fólks
Skipulag	Vallarhverfið er byggt á hættusvæði – ákveðin hættu á eldgosi Mikil umferð í gegnum bæinn Íbúðar og atvinnubýggð er blandað saman Mikið framboð af lóðum fyrir grófan iðnað Hefur stækkað of mikið sl. 10 ár Það var (eins og annars staðar) farið of geyst í að byggja nýhverfi sem standa svo auð eða óbyggð og búð að eyðileggja náttúru sem hefði mátt láta ósnerta Mikið af tómu húsnæði
Efnahagsástand	Fjárhagur sveitarfélagsins Niðurskurður sem bitnar á börnum Miklar skuldir
Umhverfismál	Mættu vera fleiri græn svæði eins og Hellisgerði, t.d. í Hvömmunum (Hugsanleg) mengun frá álverinu Mengandi atvinnustarfsemi Að skylda ekki álverið til að koma með mælingar frá óháðum aðila á mengunarpáttum Álverið er í Hafnarfirði og er stórt lýti á umhverfinu, bæði út af húsnæðinu og líka út af rafínunum sem liggja yfir allt umhverfið og það mengar Það er ekki/virðist ekki vera augljós stefna í umhverfismálum í bænum Mengun frá álveri Fiskbrenslufýlan rétt hjá holtunum
Staðsetning	Fólk setur fyrir sig að keyra frá Reykjavík til að versla í Hafnarfirði (að því leyti of langt frá Rvk.) Verslun þrífst illa vegna nálægðar við Reykjavík Of langt frá Reykjavík Langt að sækja skóla á efstu skólastigum
Þjónusta	Mætti vera meira líf í miðbænum Mætti vera meira úrval matsöluastaða

Aðrir veikleikar sem sem fjallað var um í umræðuhópunum tengdust m.a. almennings-samgöngum og of hraðri uppbyggingu bæjarins undanfarin ár.

„En það er náttúrulega annað sem, ég væri alveg til í að geta tekið strætó og það er náttúrulega mjög jákvætt við álverið þessar rútur sem sækja starfsmenn. En út af því að það er búið að hendast svo mikið í að búa til ný hverfi út um allt, bæði í Hafnarfirði og annars staðar þá verður það svona óhagstætt að senda strætóa þar inn og það er ómurlegt að taka strætó á Íslandi. Það mætti alveg bæta úr því þannig að þú veist, ég

keyri ein á mínum bíl. Ég væri alveg til í að geta sleppt því ef stígar væru betri til að fara að hjóla eða labba eða almenningsamgöngur eins og strætó væru betri, þá myndi ég nýta mér það. En það bara þú veist, það tekur í alvörunni klukkutíma að fara einhvern sem tekur kannski tíu mínútur, korter. Að keyra hingað úr Hafnarfirði, korter, tuttugu mínútur í versta falli. Það væri að minnsta kosti klukkutími í strætó.“ (Hópur 1 – kona).

„Ég er með 16 ára stelpu og hún bara af því hún er ekki með bílpróf, það eru þvílík vandræði fyrir hana að fara í Smárabíó í Kópavogi sem maður hefði haldið að væri ekki mikið mál að keyra eftir einni braut. Það eru allskonar tengi, hún þarf að fara í Hamraborgina og skipta um og eitthvað annað og skipta um. Ég held að það taki hana alveg klukkutíma að komast í Smáralind.“ (Hópur 2 – kona).

Þátttakendur nefndu líka að mikill kostur væri fyrir foreldra að börn þeirra gætu nýtt sér ferðir frístundabíls.

„En væri ekki hægt að nýta meira, þessi frístundabíll er algjör snilld sem grunnskólarnir eru með.“ (Hópur 2 – kona).

Að nokkru leyti töldu þátttakendur að rekja mætti fjárhagsvanda og vanda með almenningsamgöngur til þess að bærinn hafi stækkað of hratt á stuttum tíma.

„Hafnarfjörður hefur náttúrulega aðallega stækkað of mikið síðastliðin 10 ár. Ég held að menn hafi farið of geyst í að ætla að verða stærri en Kópavogur eða eitthvað svoléiðis sko og er kannski svolítið að koma í bakið á bæjarfélaginu núna.“ (Hópur 1 – karl).

„En það eru líka mjög stór svæði sem eru bara götur og lóðir en ekki eitt einasta hús.“ (Hópur 1 – kona).

Þegar svarendur símakönnunarinnar voru inntir eftir því hvað þeir væru óánægðastir með í tengslum við búsetu í Hafnarfirði, sagði þriðjungur „ekkert“, eða „ekkert sérstakt“, 15% nefndu skuldir bæjarins og 10% bæjarstjórnina (sjá töflu 18). Þetta stemmir vel við niðurstöður rýnihópanna, en þar voru atvinnumálin og efnahagsástand bæjarins ofarlega í huga fólks.

Tafla 18. Hvað ertu óánægðust/óánægðastur með í tengslum við búsetu í Hafnarfirði?

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Ekkert, ekkert sérstakt	181	33,0%	3,9%	33,0%
Skuldir bæjarins, ástand bæjarsjóds, fjármál bæjarins	75	13,7%	2,9%	13,7%
Bæjarsjórnin, stjórnsmál, stjórn bæjarins	54	9,8%	2,5%	9,8%
Langt að fara til Reykjavíkur/í vinnu/í sund	40	7,3%	2,2%	7,3%
Þjónustan/-i grunnskólum/leikskólum, niðurskurður í þjónustu	17	3,1%	1,4%	3,1%
Samgöngur, skipulagsmál, strætókerfið	15	2,7%	1,4%	2,7%
Álverið	12	2,2%	1,2%	2,2%
Skólasmál, grunnskólasmál	12	2,2%	1,2%	2,2%
Gatnakerfið, lítil snjómokstur, holóttar götur	12	2,2%	1,2%	2,2%
Fasteignagjöld, útsvar, há gjöld, dýrt að búa hér	11	2,0%	1,2%	2,0%
Sorþirðumál, óþrífnaður	10	1,8%	1,1%	1,8%
Hjólástígar, göngustígar ekki nógu góðir/margir	9	1,6%	1,1%	1,6%
Bæjarlífið of rólegt, vantar meira mannlíf í miðbæinn, leiðinlegt, ekkert að gera	8	1,5%	1,0%	1,5%
Hringtorgin, hraðahindranirnar	8	1,5%	1,0%	1,5%
Blokkir við Noðurbakkann, ný byggingar við höfnina	7	1,3%	0,9%	1,3%
Óf mikið byggt, of margar sundlaugar/íþróttahús, óþarfa stækkun bæjarins	7	1,3%	0,9%	1,3%
Vantar fleiri verslanir/atvinnustarsemi/menningarmiðstöð	6	1,1%	0,9%	1,1%
Frágangi bygginga/framkvæmda ábótavant	5	0,9%	0,8%	0,9%
Umferðarþungi	4	0,7%	0,7%	0,7%
Vantar kvikmyndahús	4	0,7%	0,7%	0,7%
Opnunartími sundlauga	3	0,5%	0,6%	0,5%
Annað nefnt	49	8,9%	2,4%	8,9%
Fjöldi svara	549	100,0%		
Vil ekki svara	37			
Veit ekki	31			
Alls	617			

3. Atvinnumál í Hafnarfirði

Þátttakendur rýnihópanna voru inntir eftir því hvað þeim kæmi fyrst í hug þegar minnst væri á atvinnumál í Hafnarfirði. Það sem þeim kom fyrst í hug var bærinn, þ.e. skólakerfið og skrifstofur og stóru fyrirtækin, álverið í Straumsvík og Actavis.

„Ég held að það sé álverið. Ég get ekki ímyndað mér annað. Þegar ég bjó í Vogunum þá öfundaði maður alltaf Hafnfirðingana þegar maður var kominn til vits og ára, ég held að ég hafi flutt í kringum tvítugt eða eitthvað í Hafnarfjörð. Þá fannst manni þetta, þetta var það sem maður öfundaði Hafnfirðinga af. Það var alveg gigantískt.“ (Hópur 1 - karl).

„Hafnarfjörður er náttúrulega með álverið sem gefur gríðarlega miklar tekjur og sem margir sækja náttúrulega atvinnu í.“ (Hópur 2 – karl).

„Ég held að það sé samt líka bara að það er frekar fjölbreytt úrval í Hafnarfirði eins og kannski í öðrum sveitarfélögum. Ég meina eins og það eru náttúrulega skólar eins og allstaðar annars staðar en svo eru náttúrulega þessi tvö stóru fyrirtæki sem eru

álverið og Actavis. Svo eru náttúrulega stórar búðir eins og Fjarðarkaup og önnur minni fyrirtæki.“ (Hópur 1 - kona).

Í umræðunum kom einnig fram að Hafnarfjörður hefði upp á síðkastið lagt meiri áherslu á ferðamannaíðnað og að rekstur álversins samræmdist ekki nægilega vel þeirri áherslu.

„...það hlýtur að vera styrkleiki þegar það eru fjölbreytt störf í boði. Svo náttúrulega er líka einhver svona, verið að reyna að gera einhvern ferðaiðnað í Hafnarfirði eins og með Fjörukránni og víkingadótið allt í kringum það sem er náttúrulega búið að taka langan tíma að byggja upp. Hafnarborg og allt þetta sem er þarna niðri í bæ sko.“ (Hópur 1 - kona).

„Ég held að framtíðin okkar hún liggja ansi mikið í ferðapjónustunni og ég held að þar verði ..., þá megum við ekki vera búin að setja þetta út um allt sko. Þar er stóri vöxturinn. Við erum lítið land og við þurfum einhvern stóran hluta af þessari heildar, stóra markaði sko í ferðapjónustu til þess að við verðum alveg vel sett varðandi það að við erum að fá fullt af fólki hingað.“ (Hópur 2 – karl)

„Varðandi ferðapjónustu, það er svona pínulítið verið að byrja að setja Hafnarfjörð á kortið sem ferðapjónustubæ. Hafið þið ekki tekið eftir því? Þá náttúrulega stingur þetta dálítið í stúf sko. Ég þekki líka sko, tveir frændur mínir hafa unnið í álverinu og þeim líkar rosalega vel þar og einn í viðbót líka sem ég veit um. Ég er bara aftur, mig langar að ítreka það að ég held að álver sé ekki hérna á Íslandi nema út af raforku. Mér finnst að við eigum að horfa ekki bara til dagsins í dag heldur að horfa kannski 10 ár fram í tímann af því olían er að klárast í heiminum og raforkan okkar er miklu, miklu dýrmætari heldur en við gerum okkur grein fyrir í dag. Mér finnst ferlegt að vera að binda okkur í það að selja orku næstu 30 árin á einhverjum spottprís, mér finnst það bara svakalegt. En það er bara mín skoðun.“ (Hópur 2 – kona)

Nokkrir töluðu um að sprotafyrirtæki virtust eiga nokkuð auðvelt uppdráttar í Hafnarfirði og að Hafnfirðingar kynnu vel að meta starfsemi þeirra.

„En það er samt. Það er Andrea sem er tiskufyrirtæki, Emami byrjaði í Hafnarfirði, Sigga og Timo, þetta eru allt fyrirtæki sem eru orðin, sérstaklega Emami og Sigga og Timo sem hafa skapað sér orð fyrir utan Hafnarfjörð. En líka mjög sterkt, mjög sterkt í Hafnarfirði. Ég held að það sé næstum því enginn hafnfirsk kona sem á ekki skartgrip frá Siggu og Timo eða Fríðu sem er niðri í bæ.... ég þekki allavega mjög marga sem versla í Hafnarfirði þó svo að þið gerið það ekkert endilega.“ (Hópur 1 - kona).

Að mati þátttakenda er nálægð Hafnarfjarðar við Reykjavík bæði kostur og galli, að hluta getur verið gott að vera hluti af stærra atvinnusvæði en einnig galli þar sem það hamlaði sérstaklega verslun í Hafnarfirði að vera svo nærri Reykjavík en þó það langt í burtu að Reykvíkingar settu það fyrir sig að keyra til Hafnarfjarðar til að fara í búðir.

„Mér finnst nú bara einn styrkleiki vera það að þessi bær er staðsettur á höfuðborgarsvæðinu en það þýðir það að það er raunverulega miklu stærra svæði sem fólk hefur að leita í varðandi atvinnu heldur en bærinn sjálfur.“ (Hópur 2 – kona).

„...kannski einna helsti gallinn við Hafnarfjörð að það er ekki nógu virk verslun. Kannski er það bara mér sem finnst það, þetta er náttúrulega bara persónuleg skoðun mín sko.“ (Hópur 1 – karl).

„Það er alls ekki mikið af verslun né svona menningarlega, ef fólk ætlar að fara á kaffihús eða versla föt eða eitthvað þá fer það ekki í miðbæ Hafnarfjarðar ...“ (Hópur 1 – kona).

4. Umhverfismál í Hafnarfirði

Einn af helstu kostunum við Hafnarfjörð sem stað til að búa á að mati þátttakenda í rýnihópa- umræðunum var hve stutt er út í ósnortna náttúru.

„Það er eitt af því sem mér finnst frábært í Hafnarfjörð hvað það er einmitt stutt í allt. Eins og til dæmis í Áslandinu er þarna Ástjörnin náttúrulega ofboðslega falleg.“ (Hópur 1 – kona).

„Þar sem ég er er ég rosalega sátt. Ég bý alveg við lækinn þar sem tjörnin er, alveg við miðbæinn. Ég myndi alls ekki vilja missa það. Það er svo ótrúlegt að bara að labba út úr bara húsinu og yfir bílastæði og ég er bara komin með læk fyrir framan mig og endur, það liggur við að þær komi inn til mín.“ (Hópur 1 – kona).

Þrátt fyrir að ánægja með umhverfi Hafnarfjarðar væri mikil töldu þátttakendur nokkuð vanta upp á að Hafnarfjarðarbær mótaði sér skýra og heildstæða stefnu í þessum efnunum.

„En það er samt, það er fínt að hjóla. Göngustígarnir og það er alveg ágætt en það mætti samt vera meira malbikað og gera það meira svona, eins og ég segi, tengja hverfin betur saman. Til dæmis á Völlunum eru fimm göngustígar en ég held að þetta sé ekki nógu vel tengt saman þannig að gera það svolítið svona meira inviting fyrir fólk að ganga um.“ (Hópur 1 – kona).

„Og líka út af því að það er svo ógeðslega stutt frá einmitt Hvaleyrvatni í hina áttina að Völlunum og þar þannig að það mætti líka tengja þannig saman sko. Það er ýmislegt í svona skipulagsmálum sem mætti laga sko. Að skipuleggja almennilega útivistarsvæðin af því að, mér finnst það vera ótrúlega mikil lenska allstaðar, í Hafnarfirði til dæmis, að skipuleggja bara eitt lítið svæði í einu en hugsa ekki um heildina.“ (Hópur 1 – kona).

5. Álver Rio Tinto Alcan í Hafnarfirði

Þátttakendur rýnihópanna ræddu bæði um jákvæðar og neikvæðar hliðar þess að hafa álverið í Straumsvík. Helstu jákvæðu þættirnir sem nefndir voru tengdust því að álverið veitti bæjarbúum störf, borgaði útsvar og að það væri duglegt að styðja við bakið á félagastarfsemi í bænum. Neikvæðir þættir sem nefndir voru tengdust mengun á einn eða annan hátt, mest var þó talað um að sjónræn mengun væri mikil.

